

Starfsreglur um sérkennslu og stuðning í leikskólum Borgarbyggðar



Starfsreglur þessar eru settar með hliðsjón af lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra og skólastefnu Borgarbyggðar.

Í lögum um leikskóla nr 78/1994, 15. gr. segir: “Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”

Í skólastefnu Borgarbyggðar segir meðal annars: „Í skólum sveitarfélagsins skal barnið ávallt vera í fyrirrúmi. Andleg og líkamleg vellíðan barns er grundvöllur að árangri þess innan skólanna og þar af leiðandi grundvöllur að starfsemi þeirra. Taka þarf mið af þörfum hvers barns og aðstoða það til aukins þroska á þess eigin forsendum.“ Það skal meðal annars gert með því að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, með áherslu á skimun og sérkennslu í leikskólunum og á yngsta stigi grunnskóla.

Markmið með sérkennslu og stuðningi í leikskólum er að leitast við að börn með þroskaraskanir og aðrar sérþarfir fái notið leikskóladvalar sinnar og að skapa námstækifæri til að þau geti þroskast sem best í leikskólanum.

Sérkennslan skal vera samofin daglegu leikskólastarfi og metin út frá þörfum hvers barns. Allar ákvarðanir um skipulag og útfærslu sérkennslunnar skal taka í samráði við forráðamenn þess barns sem í hlut á. Að jafnaði skal leitast við að kennsla og örvun fari fram innan barnahópsins, en slíkt skal þó metið í hverju tilviki fyrir sig.

Hlutverk sérfræðipjónustu Borgarbyggðar er að sinna frumathugun og greiningu barna í samvinnu við viðkomandi leikskóla. Sérfræðipjónustan veitir starfsmönnum leikskóla ráðgjöf vegna náms og leiks barnsins í leikskólanum, svo og foreldrum eftir því sem við á. Starfsmenn sérfræðipjónustunnar úthluta jafnframt tímum til sérkennslu og stuðnings samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn sérfræðipjónustunnar eru sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi og talmeinafræðingur.

Sálfræðingur greinir og metur börn með þroskafrávik auk þess sem hann sér um eftirfylgd og ráðgjöf vegna barnanna við starfsfólk og foreldra.

Sérkennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf til starfsmanna leikskóla um sérkennslu eða stuðning vegna einstaklinga eða hópa með sérþarfir.

Talmeinafræðingur greinir og prófar börn með málþroskafrávik og sinnir forvarnarstarfi og talþjálfun. Hann sér jafnframt um eftirfylgd og ráðgjöf vegna barnanna við starfsfólk og foreldra.

Fræðslustjóri og starfsfólk sérfræðipjónustunnar funda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og fara yfir og afgreiða beiðnir um sérkennslutíma og/eða stuðning.

Umsjón með sérkennslu í leikskólum hefur sérkennslustjóri (eða leikskólustjóri þar sem ekki er staða sérkennslustjóra). Hann ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar. Hann er faglegur umsjónarmaður sérkennslu, annast frumgreiningu og ráðgjöf til

Starfsreglur um sérkennslu og stuðning í leikskólum Borgarbyggðar



starfsmanna leikskólans og vinnur í nánun samstarfi við foreldra eða aðra forráðamenn. Sjá nánar í starfslýsingu sérkennslustjóra.

Beiðni um athugun skal berast sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar á þar til gerðum eyðublöðum. Skriflegt samþykki foreldris eða forráðamanns skal liggja fyrir þegar um er að ræða athugun sérfræðings.

Úthlutun sérkennslutíma

1. Beiðni um stuðning við barn, deild eða leikskóla, berist til fræðslustjóra. Með beiðninni fylgi tillögur leikskólans um útfærslu sérkennslunnar eða stuðningsins.
2. Starfsmenn sérfræðiþjónustunnar meta tillögur leikskólans ásamt fræðslustjóra og senda niðurstöðurnar til viðkomandi leikskóla.
3. Fyrir hvert barn sem fær úthlutað sérkennslutímum skal útbúa einstaklingsnámskrá eigi síðar en 6 vikum eftir að sérkennslutímum hefur verið úthlutað. Einstaklingsnámskrá er vinnuáætlun þeirra sem vinna með og annast barnið. Áætlunin er unnin í samráði við foreldra/forráðamenn barnsins.
4. Skýrslu um sérkennslu skal skilað til fræðslustjóra í apríl ár hvert. Skýrslan skal liggja til grundvallar við mat á þörf leikskólans fyrir sérkennslu og stuðning næsta skólaár.
5. Endurskoðun á úthlutaðum tímum skv flokkum 1-3 skal fara fram í maí eða eftir endurmat frá sérfræðingi. Áframhaldandi úthlutun sérkennslutíma byggir á einstaklingsnámskrá viðkomandi barns, sem og skýrslu um sérkennslu, sbr. gr. 4.
6. Endurskoðun á aðstoð skv flokki 4 skal ákveðin um leið og tímum er úthlutað.

Flokkun sérkennslustunda:

Um er að ræða fjóra flokka sem úthlutun sérkennslu/stuðnings tekur mið af. Fyrstu þrjú flokkarnir eiga sér stoð í 19. og 20. gr. í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Flokkur fjögur á sér stoð í 15. og 16. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og í 21., 22. og 23. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla nr. 222/1995.

Eftirfarandi flokkun er lögð til grundvallar sérkennslustundum. Miðað er við heilsdagsdvöl barns.

Flokkur 1:

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlnar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólástóll, hækjur), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu) blindu, heyrnarleysis eða málhömlunar.

Tímaffjöldi sérkennslu 4-8 tímar á dag.

Flokkur 2:

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- og heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langveik börn sem þurfa verulega umönnun. Ýmis heilkenni t.d. Down Syndrome, Asperger o.fl.

Tímaffjöldi sérkennslu 1-4 tímar á dag.

Starfsreglur um sérkennslu og stuðning í leikskólum Borgarbyggðar



Flokkur 3:

Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða þjálfun vegna t.a.m. vægrar þroskaröskunar, alvarlegs athyglisbrests, einbeitingarskorts, hvatvísi eða ofvirkni (misþroska) samfara þroskaskerðingu. Langveik börn sem þurfa sérstaka umönnun vegna t.a.m. dreyrasýki eða flogaveiki.

Tímajöldi sérkennslu 1-3 tímar á dag.

Flokkur 4:

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda vegna til að mynda félags- og tilfinningalegra erfiðleika, seinkaðs málþroska eða tvítyngis. Tímabundin aðstoð við leikskóladeild eða leikskóla vegna til að mynda fárra faglærðra starfsmanna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps á deild eða hóppjálfunar í tali eða hreyfingu.

Tímajöldi ákvarðaður hverju sinni.

Heimilt er að úthluta barni fleiri stundum en flokkunarröð segir til um í þeim tilvikum þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns.

Í undantekningartilfellum er heimilt að óska eftir fækkun barna á deild ef fyrirferðarmikil stoðtæki fylgja barni.

Undirbúningstími er innan þess tímamagns sem úthlutað er.

Greiningaraðilar

Viðurkenndir greiningaraðilar fyrir flokka 1-3 eru:

- ◆ BUGL (Barna- og unglingageðdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss)
- ◆ GRR (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins)
- ◆ MHB (Miðstöð heilsuverndar barna)
- ◆ Sjónstöð Íslands
- ◆ Heyrnar- og talmeinafræðingur Íslands

Fyrir flokk 4 eru auk framantalinna eftirtaldir greiningaraðilar viðurkenndir:

- ◆ Heilsugæsla
- ◆ Læknir
- ◆ Iðjuþjálfari
- ◆ Sálfræðingur
- ◆ Sérkennsluráðgjafi
- ◆ Talmeinafræðingur
- ◆ Sjúkraþjálfari

Starfsreglur um sérkennslu og stuðning í leikskólum Borgarbyggðar



Upplýsingar og meðferð gagna

Upplýsingar um börn sem flytjast á milli leikskóla og grunnskóla í Borgarbyggð eru veittar með skriflegu leyfi foreldra, sbr. þó tilkynningaskyldu í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að upplýsingar berist viðkomandi grunnskóla vegna barna sem hafa notið sérkennslu og/eða stuðnings í leikskóla. Æskilegt er að slíkum upplýsingum sé miðlað á formlegum fundi starfsmanna leik- og grunnskóla, og að sérkennsluráðgjafi sitji þann fund.

Upplýsingar varðandi börn í leikskólanum eru trúnaðarmál og ber að varðveita öll gögn í læstum hirslum, sbr. þó tilkynningaskyldu í samræmi við Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda, frá 18. desember 2006, sem nálgast má á heimasíðu Borgarbyggðar.

Um alla almenna meðferð gagna um börn í leikskólum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Endurskoðun

Reglur þessar skal endurskoða fyrir 1. október 2008

Reglur þessar voru samþykktar í fræðslunefnd 24.10.2007
og staðfestar í sveitarstjórn 15.11.2007